

KÓPAVOGSBLAÐIÐ

Blað allra Kópavogsbúa

31. mars 2026. 165. tbl. 24. árgangur

kopavogsbladid@kopavogsbladid.is

Efnisyfirlit

■ Pólitík	2
■ Meiri pólitík	4
■ Enn meiri pólitík	6
■ Aðeins meiri pólitík	10



Fjölgun kynferðisbrota gegn börnum í leikskólum kallar á tafarlaus viðbrögð /2



Vinir Kópavogs verða ekki á kjörseðlinum í vor /6



Segir eitt atriði af 100 kosningalofordum hafa verið efnd /10

Gleðilega páska



Allir kaupendur og seljendur fá
Vildarkort Lindar
sem veitir **30% afslátt**
hjá eftirfarandi fyrirtækjum



Húsagagnahöllin: 30% afsláttur af öllum vörum. Betri baki: 30% afsláttur af öllum vörum. DORMA: 30% afsláttur af öllum vörum. Flúggers: 30% afsláttur af öllum vörum nema innviðingum. S. Helgason: 30% afsláttur af öllum vörum. Parki: 30% afsláttur af öllum vörum nema innviðingum. Z. brautir og gluggatjöld: 30% afsláttur af öllum vörum. Vidd: 30% afsláttur af öllum vörum. Húsasmíðjart: 30% afsláttur af hreinlætisekjum og ljósum. ATH! Afslátturinn gildir ekki á útsölum.



Bæjarlind 4
Sími: 510 7900
www.fastlind.is



ALÚÐ
VIRÐING

TRAUST
REYNSLA

Útfararþjónusta í þrjá áratugi



Sólarhringsþjónusta
581-3300
utforin@utforin.is
utforin.is

Við komum til aðstandenda
og ræðum skipulag sé
þess óskað.



Sverrir
Einarsson
8968242



Jóhanna
Eiríksdóttir
8968242



Andrés
James
6625339

Samstarfsaðilar:

Útfararstofa Hafnafjarðar
s. 565-5892

Útfararstofa Garðabæjar
s. 565-0210



GÆÐAVOTTAD VERKSTÆÐI



RÉTTUM OG SPRAUTUM ALLAR GERÐIR BÍLA

Smíðjuvegur 38 **rauð gata** • Sími 564 0606 • Fax 564 0636
www.bilastod.is • bilastod@simnet.is



FRAMSÓKN Í KÓPAVOGI



Gleðilega páska!



Sérhæfum okkur í réttingum, plastviðgerðum og málun á öllum gerðum bifreiða

Gerum við fyrir öll tryggingarfélag,
einstaklinga og fyrirtæki. Viðurkennt
réttingarverkstæði.

Varmi

Við réttum og sprautum

Auðbrekku 14 Kópavogi - S. 564 2141

www.varmiehf.is



★★★★★
Kjötbúð
í Kópavogi

Gæði á góðu verði KJÖTVINNSLA



KJÖTHÚSIÐ

Kjötvinnsla

Smíðjuvegur 24-26 (rauð gata) - 200 Kópavogi - sími: 557 8833
kjothusid@kjothusid.is - www.kjothusid.is



ADSENT

Saman fyrir Kópavog: Nýtt bandalag Fyrir Kópavog og Vinstri grænna

Ómar Stefánsson, forstöðumaður íþróttavalla og fyrrum bæjarfulltrúi leiðir listann. Anna Sigríður Hafliðadóttir, sérfræðingur í miðlun og formaður kjördæmisráðs VG í SV, er í 2. sæti listans.

Bæjarmálafélagið Fyrir Kópavog og Vinstrihreyfingin – grænt framboð bjóða fram saman í sveitarstjórnarkosningunum 2026 undir heitinu Bandalag Fyrir Kópavog og Vinstri grænna. Samstarfið sprettur af þeirri sannfæringu að með því að

starfa saman fyrir Kópavog megi ná enn betri árangri fyrir íbúa,“ að því er segir í tilkynningu.

„Bandalagið er svarið við ákalli íbúa um manneskjulegri bæ og einfaldara daglegt líf. Undir kjörordunum Saman fyrir Kópavog boðum við

forystu sem hlustar, grípur fólk og gerir hlutina auðveldari. Markmiðið okkar er að rækta samfélag réttlætis og jöfnuðar, þar sem vernd umhverfisins og vandað skipulag vinnur alltaf í þágu íbúanna og lífsgæða þeirra.

Sterk forysta fyrir Kópavog

Bandalagið býður upp á einstaka blöndu af festu og framsækni. Ómar kemur með öryggið og þekkinguna sem þarf til að stýra stóru sveitarfélagi, á meðan Anna Sigríður kemur með ferska sýn á jafnrétti og manneskjulegri þjónustu. Þetta samstarf er sterkt því það tryggir að bærinn okkar standi styrkum fótum á meðan við vöxum í átt að betri framtíð.

„Eftir áratugi í störfum hjá og fyrir Kópavog veit ég hvað þarf til að innviðir bæjarins virki í raun, ekki bara á blaði og teikningum,“ segir Ómar. „Mörg skipulagsmál eru komin í ógöngur sem þarf að bregðast við. Við þurfum að aðstoða ungt fólk við að eignast sína fyrstu íbúð. Vel við haldið umhverfi, öruggar leiðir og góðar aðstæður fyrir íþróttir og tómstundir eru grunnur að lífsgæðum íbúa. Við stöndum vörð um grænu svæðin og útivistarsvæðin, enda eru þau hluti af heilsuvernd og velferð í hverfunum. Við förum fram með heildarsýn fyrir íbúa og tryggjum að bærinn þjóni fólki.“

„Við eigum ekki að biðja fólk um að passa inn í kerfið, heldur á bærinn að grípa fólkið þar sem það er,“ segir Anna Sigríður Hafliðadóttir. Manneskjuleg og samhangandi þjónusta á að hafa réttlæti og jafnrétti að leiðarljósi, fyrir börn, fjölskyldur og eldra fólk. Með það í huga viljum við grípa fjölskyldur og tilvonandi foreldra með því að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla og gera þjónustu við íbúa aðgengilegri í daglegu lífi. Við förum saman fram til að gera bæinn enn betri og bjóða fólki upp á öryggi og fyrirsjáanleika, fremur en áhyggjur.“



ADSENT

Sósíalistar safna stuðningsmönnum

Söfnun stuðningsmanna við framboð Sósíalistaflokksins í Kópavogi er nú komin í loftið.

Tryggja þarf 80 undirskriftir og á QR tenglinum hér er hægt að gera það rafrænt.

Að tryggja að grunnþörfum allra íbúa sveitarfélaga sé mætt, almenn velferð verði að veruleika fyrir alla, að allir lifi með reisu og önnur mannréttindi séu virt í takt við fremstu ákvæði íslenskra laga og alþjóðlegra skuldbindinga. Sérstaklega sé öryggi barna tryggt og

að ákvarðanir séu teknar í samræmi við velferð þeirra.

Að yngstu börnunum séu búnar aðstæður til þess að þroskast og dafna með fjölskyldu sinni og síðar með jafnöldrum og félögum.

Að setja þarfir og rödd notenda félagsþjónustu í fyrsta sæti og auka alla aðgengilega velferðarþjónustu.

Framboðslistinn verður tilkynntur innan skamms, en fyrir þá sem vilja bæta nafni sínu við stuðningslistann mun QR kóðinn leiða þig á rétta síðu.

ReSound Vivia

Fögnum náttúrulegri heyrn



HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA

HLÍÐASMÁRI 19, 2 HÆÐ • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 534 9600

LEGSTEINAR

EYRARTRÖÐ 16, HAFNARFIRÐI



Vetraropnun: 13-16
alla virka daga

Verið velkomin

Bergsteinar
legsteinagerð

Eyrartröð 16, 220 Hafnarfirði, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is



KÓPAVOGSBLAÐIÐ

Kópavogsblaðið slf, kt: 620513-1800

Ritstjórnarstefnan er eftirfarandi:

Kópavogsblaðið vill stuðla að aukinni samheldni og samstöðu Kópavogsbúa. Við höfum sérstakan áhuga á skemmtilegu mannlífi og atvinnulífi í Kópavogi og því sem gerir Kópavog að sérstökum og jákvæðum bæ að búa í, starfa og heimsækja.

Ritstjóri: Auðun Georg Ólafsson
Sími: 899 3024
Netfang: audun@kopavogsbladid.is
Heimasíða: www.kopavogsbladid.is
Hönnun: Guðmundur Árnason
Netfang: kopavogsbladid.gummi@gmail.com
Prentun: Landsprent.

Fáðu tilboð í umfjöllun í Kópavogsblaðinu

kopavogsbladid.is/samstarf/



Skannaðu kóðann




Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Sýnum tillitssemi og klippum trjágróður frá stéttum og stígum



Við hvetjum íbúa til að huga að trjágróðri við lóðarmörk

Gróður sem vex út fyrir lóðarmörk getur þrengt að umferð og nauðsynlegri þjónustu á göngustígum, gangstéttum og götum og dregið úr öryggi vegfarenda. Þá þarf að snyrta gróðurinn þannig að allir komist ferða sinna án hindrana. Einnig þurfa umferðarmerki að sjást vel og gróður má ekki byrgja götu- og stígalýsingu.

Lóðarhafa er samkvæmt byggingarreglugerð skylt að halda vexti trjáa og runna á lóðinni innan lóðarmarka.

Ábendingum um trjágróður sem er „til vandræða“ skal koma á framfæri með að senda inn ábendingu á ábendingavef Kópavogsbæjar af heimasíðu Kópavogs – www.kopavogur.is/is/abendingar



Kópavogsbær

kopavogur.is



Öll almenn málningarvinna og viðhald á fasteignum

Málning er oftast en ekki eina vörnin gegn veðri og vindum. Málning á bæði að verja og fegra.

Utanhúss veðrast fletir hratt fyrir áhrif sólar, veðurs og vinds.

Með reglulegu viðhaldi er hægt að verja fasteignina og koma í veg fyrir dýrar framkvæmdir

Ámundi S. Tómasson, löggiltur málarmeistari / fyrirtak.is / 519 5949



Lakkskemman

Bílamálun + Réttingar

Skemmuvegi 30, 200 Kópavogi, sími: 557 4540, www.lakkskemman.is





Veiðitímabilið er byrjað!



veidikortid.is

Kortið beint í símann:





Listi Miðflokksins í Kópavogi

Æfstu 5 sæti Miðflokksins í Kópavogi hafa nú verið staðfest af kjördæmastjórn og erum við stolt að kynna eftirfarandi framþjóðendur í Kópavogi:

1. Einar Jóhannes Guðnason, rekstrar- og sölustjóri og varapingmaður

2. Nína Berglind Sigurgeirsdóttir, leikskólastjóri og hlaupabjálfi

3. Beitir Ólafsson, byggingaverktaki og fv. atvinnumaður í fótbolta

4. Thelma Bergmann Árnadóttir, atvinnurekandi

5. Trausti Örn Þórðarson, lögfræðingur

Varðveisla Guðmundarlundar

Guðmundarlundur í Vatnsenda-hlíð í vatnsendalandi er eitt vistlegasta útsvæði Kópavogs og algjör perla fyrir fjölskyldur og ungmenni. Lundinum er einstaklega vel við haldið af Skógræktarfélagi Kópavogs sem heldur nú úti flottu leiksvæði fyrir börn, mini-golf velli, frísbí-golf velli, útigrillum, salernisaðstöðu og hefur Skógræktarfélagið m.a. staðið fyrir Ævintýri í Jólaskógi við góðar undirtektir. Talið er að um 200.000 manns heimsæki Guðmundarlund árlega.

Nú er þó svo komið að ekki er hægt að fresta mikilvægri fjárfestingu á svæðinu sem hefur setið á hakanum allt of lengi.

Rafmagns- og vatnsæðar eru ekki nægilega sverar til þess að anna eftirspurn. Þetta er ekki bara öryggismál heldur hefur þetta einnig áhrif á vænleika á útleigu veislusalarsvæðisins. Rafmagni slær ítrekað út og svarar vatnsæðin ekki magni og þrýstingi. Í sinubrunanum um daginn ætlaði slökkvilið höfuðborgarsvæðisins að tengjast brunahananum í lundinum



Beitir Ólafsson, byggingarverktaki, skipar 3. sæti á lista Miðflokksins í Kópavogi í komandi sveitarstjórnarkosningum.

en þurftu að nota dælu svo nægt vatnsmagn og þrýstingur næðist upp til að geta sinnt slökkvistarfinu.

Húsakostir á svæðinu eru tveir, annarsvegar Gamla Húsið sem Skógræktarfélagið á og er með afnot af fyrir sína starfsemi og hinsvegar nýtt félags- og þjónustuhús sem er jafnframt fræðslusetur og veislusalur, Nýja Húsið.

Gamla húsið stendur undir nafni og er bara tímaspursmál hvenær það verður ónothæft. Þessu hafa starfsmenn svæðisins og stjórnendur í leik- og grunnskólum áhyggjur af. Á

svæðinu hefur útikennsla aukist til muna og fá börn í Kópavogi mikilvæga útvíst, fræðslu og tengingu við náttúruna og hafa nýtt Gamla húsið til að hita mat og sem aðsetur ef t.d. barn meiðir sig eða veður verður vont. Er húsið einnig aðstaða starfsmanna og sumarstarfsmanna.

Skógræktarfélag Kópavogs hefur horft til gámaeininga í eigu Kópavogsbæjar sem nýtt hafa verið við Þingholtsskóla og Kársnesskóla sem mögulegan arftaka. Kennarar bera gámunum góða sögu og er tilvalið að nýta það sem bærinn á nú þegar.

Við í Miðflokknum í Kópavogi teljum að svara verði kalli á úrbótum á svæðinu í þágu Kópavogsbúa. Þegar horft er á heildarmyndina og til langs tíma þá snýst þetta um meira en bara að viðhalda grænu svæði. Þetta snýst um að auka aðgengi barnana okkar á öllum stigum skólakerfisins að úti-veru og fræðslu, lýðheilsumál fyrir fólk á öllum aldri, samverustundir fjölskyldna og vana, öryggismál og margt fleira.

Guðmundarlundur er án efa eitt besta útivistarsvæði höfuðborgarsvæðisins og hefur skapað sér stóran sess í hjarta íbúa, á Skógræktarfélag Kópavogs stóran þátt í því og skilið miklar þakkir fyrir.

Það er löngu tímabært að setjast niður og skipuleggja þetta fallega svæði til framtíðar. Varðveitum Guðmundarlund, hlustum á ákallið og framkvæmum í þágu Kópavogs.



Orri áfram oddviti Framsóknar í Kópavogi

Framsóknarflokkurinn í Kópavogi kynnir nú framboðslista sinn fyrir sveitarstjórnarkosningarnar sem fram fara þann 16. maí næstkomandi. Orri Hlöðversson, stjórnarformaður Frumherja hf. og bæjarfulltrúi verður áfram oddviti listans og annað sætið skipar Björg Baldursdóttir, skólastjóri og bæjarfulltrúi. Þriðja sætið skipar Gunnar Sær Ragnarsson, lögfræðingur og það fjórða skipar Svava H. Friðgeirsdóttir skjalastjóri. Í fimmta og sjötta sæti eru síðan Heiðís Geirsdóttir, félagsfræðingur og Ásgerður Stefánía Baldursdóttir, forstöðumaður og knattspyrnuþjálfari.

Á listanum eru: Orri V. Hlöðversson, framkvæmdastjóri og bæjarfulltrúi

Björg Baldursdóttir, grunnskólastjóri og bæjarfulltrúi

Gunnar Sær Ragnarsson, lögfræðingur

Svava H Friðgeirsdóttir, skjalastjóri

Heiðís Geirsdóttir, félagsfræðingur

Ásgerður Stefánía Baldursdóttir, Forstöðumaður

Bergrún Ósk Ólafsdóttir, hönnuður

Sveinn Gíslason, rekstrarhagfræðingur

Stefán Atli Rúnarson, ráðgjafi

Haukur Thors Einarsson, sálfræðingur

Atli Ársælsson, nemi

Kristinn Dagur Gissurarson, viðskiptafræðingur

Guðrún S. Viggósdóttir, fv. hjúkrunardeildarstjóri

Atli Ómarsson, viðskiptafræðingur

Þórunn K. Matthíasdóttir, kennslufræðingur og eldri borgari

Baldur Þór Baldvinsson, eldri borgari og húsasmíðameistari

Díana Íva Gunnarsdóttir, stíllisti

Einar Gunnar Bollason, fyrrum kennari og fyrrum framkvæmdastjóri

Margrét Sigmundsdóttir, lífþjálfari

Sigrún Hulda Jónsdóttir, deildarstjóri

Willum Þór Þórsson forseti ÍSÍ, fv. ráðherra og þingmaður

Birkir Jón Jónsson, fv. bæjarfulltrúi og fyrrv. alþingismaður

Listinn er vel skipaður að mati Orra Hlöðverssonar, oddvita listans. „Hér er saman kominn þéttur og góður hópur fólks með fjölbreyttan bakgrunn og mikla reynslu. Nú tekur við vinna við að koma á framfæri við kjósendur okkar góðu verkum undanfarin ár“ segir Orri en Framsókn hefur átt aðild að meirihluta bæjarstjórnar á því kjörtímabili sem nú er að líða. Þar er að nóg að taka að sögn Orra. „Vil ég þar sérstaklega nefna þétt og gott aðhald á rekstri bæjarins, uppbyggingu íþróttamannvirkja, einbeitta stefnu í skólamálum, öfluga velferðarþjónustu, umbætur og kraft í menningarmálum að ógleymdu Kópavogsmódelinu í leikskólumálum“.

Framsókn í Kópavogi fékk tvo fulltrúa af 11 í bæjarstjórn í síðustu sveitarstjórnarkosningum árið 2022.

Heitir pottar

Verð frá
195.000 kr.

Verð frá með loki
260.000 kr.

200 sm í þvermál



Saunatunnur

Verð frá
680.000 kr.



4 stærðir af lokum
85.000 kr.



Rafmagnspottar með loki og tröppu

850.000 kr.



Infrarauðir klefar

Verð frá
250.000 kr.




Sauna- og gistitunnur ásamt rafmagns-, viðar- og hitaveitupottum og skeljum



Rafmagns-pottar með loki og tröppu

850.000 kr.



4 stærðir af lokum **85.000 kr.**

GODDI.IS

AUÐBREKKU 19 - KÓPAVOGI - S. 544 5550

•••••

AÐSENT

Vinir Kópavogs eru með í kosningabaráttunni, en ekki á kjörseðlinum

Félagið Vinir Kópavogs (VK) var stofnað 2021 sem vettvangur til að ræða málefni Kópavogsbæjar, veita bæjaryfirvöldum aðhald og til að styðja þróun mannvæns samfélags og umhverfis. Fyrir sveitarstjórnarkosningar vorið 2022 tók félagið ákvörðun um að bjóða fram lista með framan­greindar hugsjónir að leiðarljósi. Frambjóðendur Vina Kópavogs kölluðu eftir því að bæjaryfirvöld sýndu íbúum og viðfangsefnum sínum meiri virðingu. Þeir lýstu eftir bættum vinnubrögðum, heiðarlegri og vandaðri stjórnsýslu, öfluglu íbúalýðræði og endurskoðun í skipulagsmálum. Þeir kröfðust þess að Kópavogsbær sinni skipulagsskyldum sínum sjálfur en eftirléti ekki deiliskipulagsgerðina fjárfestum með arðsemi að leiðarljósi, umfram mannvænt umhverfi. Fjölmargir Kópavogsbúar tók undir þessi sjónarmið með atkvæði sínu. Tveir fulltrúar VK hafa í bæjarstjórn undanfarin fjögur ár fylgt þessum



Ólafur Björnsson formaður Vina Kópavogs.

áherslum eftir. Það er erfitt að meta árangurinn. Meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks hefur hvorki verið ginnkeyptur fyrir tillögum frá minnihlutanum né átt við hann eðlilegt samstarf. Samtalið hefur hann ekki heldur átt við íbúa eins og glögglega hefur komið í ljós í deilum um fáheyrt byggingarmagn á Fannborgarreit og útivistarstíg á Kársnesi. Þrátt fyrir allt teljum við sem næst stöndum að vegferð VK innan bæjarstjórnar Kópavogs hafi verið til góðs. VK er ekki stjórnsmálaflokkur. Það var aldeilis ekki sjálfgefið að félagið byði fram til bæjarstjórnar fyrir fjórum árum. Ýmsir telja öflugt grasrótarstarf líklegra til árangurs. Okkar fólk sem setið hefur í bæjarstjórn undanfarin fjögur ár er ekki tilbúið að halda áfram og ekki hefur komið fram nýr hópur til að taka við keflinu á þeim vettvangi. Félagið mun því starfa með öðrum hætti á næsta kjörtímabili.

Vinir Kópavogs telja enn sem fyrr að

brýnasta verkefni bæjaryfirvalda sé að hlúa að blómlegu og sterku samfélagi og byggðamynstri sem styður við lífsgæði, heilbrigðan lífsstíl og lýðheilsu. Það þarf að standa vörð um náttúru­perlur og útivistarsvæði. Fjölga þarf grænum nándarsvæðum fyrir almenning, varðveita það sem eftir er af náttúrulegum fjörum og strandlengju, og skipuleggja göngustíga með þeim hætti að þeir auki upplifun og vellíðan. Látum náttúruna njóta sín, svo fólk fái notið hennar!

Bæjaryfirvöld þurfa að hlusta betur á Kópavogsbúa og koma erindum í farveg. Fyrst og fremst verða þau að fara að lögum og reglum og hafa íbúa í forgangi. Gæta þarf jafnræðis eldri og nýrri íbúa.

Starf bæjaryfirvalda á fyrst og fremst að snúast um að bæta mannlíf og þjónustu, ekki steinsteypu. Skipulagsgerð á að vera á ábyrgð bæjarins og á forsendum íbúa. Skipulagsgerð verður að byggja á heildstæðri framtíðarsýn en ekki tilviljunarkenndum ákvörðunum um einstaka framkvæmdir.

Við trúum því að flestir Kópavogsbúar séu sammála þeim sjónarmiðum sem hér hefur verið lýst. Á vikunum fram að bæjarstjórnarkosningunum 16. maí nk. mun félagið því beina athygli framboðanna að framangreindum málum og kalla eftir afstöðu þeirra.

Þú getur gerst félagi í Vinum Kópavogs með því að skrá þig á heimasíðu félagsins www.vinirkopavogs.is.

•••••

AÐSENT

Kynferðisbrot gegn börnum í leikskólum – Öryggi barna er ekki samningsatriði

Fjölgun kynferðisbrota gegn börnum í leikskólum kallar á skýr og tafarlaus viðbrögð. Hér er ekki svigrúm fyrir tafir, afsakanir eða flókin ferli sem tefja aðgerðir.

Spurningar vakna um kerfið sjálft, hvornig getur þetta gerst? Eru stjórnendur með bundnar hendur? Er ráðningarferli leikskóla úrelt og ófullnægjandi? Getur stytting vinnuvikunnar og mikil veikindi starfsfólks aukið álag og skapað hættu? Eru reglur sveitarfélaga um mönnun orðnar svo stífar að ekki megi bregðast við með sveigjanlegum hætti, til dæmis með því að láta sækja börn fyrr þegar mannekla er til staðar? Erum við að spenna bogann of langt hvað varðar mönnun á kostnað barnanna?

Þetta eru erfiðar spurningar, en nauðsynlegt er að horfast í augu við þær. Öryggi barna má aldrei víkja fyrir rekstrarlegum þvingunum eða skorti á starfsfólki. Samkvæmt Barnasáttmálanum ber stjórnvöldum og öllum sem bera ábyrgð á börnum að setja hagsmuni þeirra í forgang. Það felur meðal annars í sér að vernda börn gegn ofbeldi og koma í veg fyrir misbeitingu.

Viðbrögðin mega ekki vera að sóa dýrmætum tíma í að setja á laggirnar nefndir sem síðan stofna undir-nefndir sem stofna síðan fleiri undirnefndir. Nú þarf aðgerðir, ekki bara orð. Það þarf að tryggja nægjanlega mönnun á öllum tímum dags. Borið hefur á því að börn séu í aðstæðum þar sem eftirlit er ófullnægjandi, hvort sem það er sökum





Nína Berglind Sigurgeirsdóttir, Leikskólastjóri og í 2. sæti á lista Miðflokksins í Kópavogi í komandi sveitarstjórnarkosningum.

sparnaðar eða að viðhalda markmiði um 0 lokunardaga, þá er slíkt óboðlegt.

Ef mannekla kemur upp þarf að vera heimild til að grípa til ráðstafana. Leikskólar verða að hafa fjárheimildir til þess að ráða besta starfsfólkið og manna allar stöður vel. Öryggi barna er ekki samningsatriði og mun ég leggja mitt að mörkum til þess berjast fyrir raunverulegum lausnum í þessum málaflokki.

Gleðilega páska







Vinnuskóli

Vinnuskólinn í Kópavogi býður 14 til 17 ára íbúum Kópavogs vinnu yfir sumartímann. Starfstími Vinnuskólans er frá maí til ágúst ár hvert.

Allar upplýsingar á kopavogur.is



Kópavogsbær



Garðlönd í Kópavogi

Hvernig væri að rækta grænmeti í sumar?

Kópavogsbær leigir út matjurtagarða, svokölluð garðlönd, á nokkrum stöðum í bænum. Hvert garðland er 25 m² a stærð. Hver leigjandi getur verið með tvo skika en skilyrði fyrir úthlutun er að eiga lögheimili í Kópavogi.

Garðlönd eru á eftirfarandi stöðum:

- neðan Kjarrhólma í austanverðum Fossvogsdal, í trjásafninu
- neðan Víðigrundar í vestanverðum Fossvogsdal, við skólagarðan
- við Kópavogsgerði, neðan við Geðræktarhúsið
- við Núpalind, ofan við leikskólann Núp
- við Guðmundarlund

Við Víðigrund, Núpalind og Guðmundarlund eru einni í boði 8 m² ræktunarkassar.

Sótt er um garðlöndin í íbúagátt á **www. kopavogur.is** og í Þjónustuveri Kópavogsbæjar, Digranesvegi 1, sími **441 0000**.



Kópavogsbær

kopavogur.is



KYNNING

Saunavörur og lok á heita potta hjá Godda í Auðbrekku

Goddi er gamalt og rótgróið fyrirtæki sem sérhæfir sig í sölu loka á heita potta, infrarauðra klefa, saunavara og saunatunna.

Fyrirtækið er fjölskyldurekið og hefur verið starfrækt síðan á sjöunda áratug síðustu aldar. Eigandi Godda er Friðgeir S. Haraldsson, en hann er ættaður frá Godda-

stöðum og þess vegna ber fyrirtækið þetta nafn. Goddi hefur boðið upp á flestar tegundir af áklæði, leðri og leðurlíki í heild- og smásölu í um hálfa öld,

en í seinni tíð hafa aðrar og óskyldar tegundir verið á boðstólum svo sem saunavörur, infrarauðir hitaklefar, heitir pottar svo fátt eitt sé nefnt.

Lok á heita potta hefur verið ein vinsælasta vara Godda. Fyrirtækið býður upp á fimm stærðir af lokum í tveim litum á afar hagstæðum verðum. Lokin henta vel við íslenskar aðstæður með níðsterku leðurlíki. Lokin eru samantvörförleg í miðju með góðum festingum og svuntu og eru létt og meðfærileg.

Infrarauðu klefarnir og sauna-vörurnar koma frá Finnlandi en sam-

kvæmt lækisfræðilegum rannsóknum er innrauð geislun tekin upp af bæði vefum og líffærum, og sýnir fjölda af jákvæðum áhrifum. Mikill kostur við infrarauðann hita er að hann fer dýpra inn í húð og líkama heldur en hitinn frá hinu hefðbundna gufubaði – við tiltölulega lágt hitastig, og reynir þar með minna á líkamann. Þessi djúp virkandi varmi frá infrarauðu geislunum hreinsar húðina í gegnum svitaholurnar og flyst næring og súrefni betur til frumanna.

Síðast en ekki síst er Goddi með til sölu vinsælu saunatunnurnar frá

Baltresto sem er talið eitt stærsta og virtasta fyrirtæki innan þessa geira í Evrópu. Saunatunnurnar hafa slegið í gegn en Goddi býður upp á fjölbreytt úrval sem hægt er að sjá inn á vefsíðu fyrirtækisins www.goddi.is.

Hægt er panta af lager eða í sérpöntunum með því að koma við í verslun, hringja í síma 544-5550 og leggja inn pöntun eða senda tölvupóst á netfangið goddi@goddi.is.

Goddi ehf er opið alla virka daga frá kl. 10-16 og er staðsett í Kópavogi að Auðbrekku 19.



GODDI.IS

AUÐBREKKU 19 - KÓPAVOGI - S. 544 5550

.....

AÐSENT

Ísaksskóli kemur í Kópavog

Kópavogsbær hyggst ganga til samninga við Skóla Ísaks Jónssonar um rekstur nýs skóla í Vatnsendahvarfi. Ásdís Kristjánsdóttir bæjarstjóri og Páll Harðarson stjórnarformaður hafa ritað undir viljayfirlýsingu um undirbúning og rekstur skólans sem verður samrekin leik- og grunnskóli fyrir leikskólabörn og nemendur í 1.–4. bekk.

Ísaksskóli í Bólstaðarhlíð verður áfram starfræktur í óbreyttri mynd en bætir við sig starfsstöð í efri byggðum Kópavogs. Skólinn, sem fagnar 100 ára afmæli í ár, hefur sérhæft sig í kennslu yngri barna, frá fimm ára og upp í níu ára aldur.

„Ísaksskóli í efri byggðum Kópavogs er afskaplega jákvætt skref fyrir Kópavogsbúa. Á þessu ári fagnar Skóli Ísaks Jónssonar 100 ára afmæli sínu. Í heila öld hefur Ísaksskóli byggt upp sterkar menntunarhefðir með skýrar áherslur á faglegt starf með yngstu börnunum. Starfsemi skólans, metnaður og skipulag fellur afar vel að menntastefnu Kópavogs. Við erum afskaplega stolt af því að Ísaksskóli líti til Kópavogs og vilji byggja hér upp



Á myndinni eru frá vinstri: Ingibjörg Ýr Pálmadóttir deildarstjóri grunnskóla-deildar, Anna Birna Snæbjörnsdóttir sviðsstjóri menntasviðs, Páll Harðarson stjórnarformaður Ísaksskóla, Sigríður Anna Guðjónsdóttir skólastjóri, Ásdís Kristjánsdóttir bæjarstjóri og Orri Hlökkversson formaður bæjarráðs.

annan skóla og það sé viðurkenning á því góða starfi sem unnið sé í menntamálum í Kópavogi. Þá höfum við sem gegnum forystu í bænum lagt áherslu á að fjölga valkostum og bjóða upp á fjölbreytt rekstrarform í leik- og grunnskólum, það hefur gefist vel. Ísaksskóli verður mikilvæg viðbót við okkar öfluga og metnaðarfulla skóla-

samfélag,” segir Ásdís Kristjánsdóttir bæjarstjóri.

„Í starfsemi Ísaksskóla hefur byggt upp dýrmæt reynsla, öflugur mannaudur og traust fagmennska sem við teljum mikilvægt að nýta í þágu menntunar barna víðar. Hér er tækifæri til að próa nýtt skólasamfélag með skýra, mótaða og jákvæða mennta-

.....

AÐSENT

Opið fyrir umsóknir í Vinnuskólann

Ísumar er búist við miklum fjölda nemenda í Vinnuskóla Kópavogs. Reiknað er með að um 1.500 nemendur sækir skólann sem er svipaður fjöldi og verið hefur síðustu ár.

Nemendur Vinnuskólans vinna við fjölbreytt störf í bænum og má þar nefna hreinsun bæjarlands og fjölmörg störf innan stofnanna og fyrirtækja.

Opnað hefur verið fyrir umsóknir í Vinnuskólann og verður opið fyrir umsóknir til 15. maí. Mikilvægt er að þeir nemendur sem eru á 16. og 17. aldursári sækir um fyrir þann tíma þar sem þá verður byrjað að raða í störf utan hefðbundinna hreinsunar starfa.

Að þessu sinni verður garðyrkja ekki eitt af verkefnum 17 ára nemenda og munu allir starfa á stofnunum eða fyrirtækjum sem hafa óskað eftir samstarfi við Vinnuskólann

Einnig er gerð sú breyting á starfi þeirra að nú velja þau ekki tímabil til að vinna á heldur veður unnið í samráði við yfirmenn á hverjum vinnustað.

Boðað verður til foreldrafundar áður en Vinnuskólinn hefur störf og verður hann á vefformi og skipt eftir aldri nemenda.

Dagsetning á honum verður auglýst síðar.

stefnu. Við hlökkum til samstarfs við Kópavogsbæ í að setja á stofn og reka skóla byggður á þeim gildum, gæðum og faglegu starfsháttum sem einkenna Ísaksskóla,” segir Sigríður Anna Guðjónsdóttir skólastjóri Ísaksskóla.

Ekki verða innheimt skólagjöld í nýjum Ísaksskóla fyrir börn innan Kópavogs og mun framlag Kópavogsbæjar til reksturs skólans taka mið af því. Undirbúningur að byggingu

skólans er hafinn en að því er fram kemur í viljayfirlýsingu mun Ísaksskóli fá tækifæri til þess að koma að skipulagi og hönnun nýs skóla sem gert er ráð fyrir að hefji göngu sína árið 2029.

Í Vatnsendahvarfi munu rísa 500 íbúðir í fjölbýli og sérbýli og verður lögd áhersla á sjálfbæra og umhverfisvæna byggð. Hverfið er það nýjasta í Kópavogi og stendur á einstökum útsýnisstað, Vatnsendahæð.

1



Gólfslípivélar og ryksugur í miklu úrvali

Víkurhvarf 8, s: 544 4656
mhg@mhg.is,
www.mhg.is

2



Samfélag þar sem hunda- og katta eigendur geta sótt þær vörur og þjónustu sem þeir þurfa. Munið eftir kaffihúsi Dyrheima

Víkurhvarf 5, S: 580 4300
dyrheimar@dyrheimar.is,
dyrheimar.is

3



Frí heimsending á öllum pöntunum yfir 20.000 kr.

Víkurhvarfi 6, S: 557 7720
vikurverk@vikurverk.is,
vikurverk.is

4



LÖGGILTIR ENDURSKODENDUR

Urðarhvarfi 8, S: 556 3000
endurskodendur@endurskodendur.is,
www.endurskodendur.is

5



Veitum góða og faglega þjónustu á sviði sjúkrabjálfunar

Urðarhvarf 8 - 4. hæð,
s: 520 0120
orkuhusid@sjukratjalfun.is,
sjukratjalfun.is



FYRIRTÆKI & ÞJÓNUSTA Í HVÖRFRUNUM

Verslun í Kópavogi



URÐARHVARF 16

100 ný hjúkrunarrými.
Afhent 3 mánuðum á undan áætlun.



HELSTU HÖNNUÐIR OG RÁÐGJAFAR





HELSTU UNDIRVERKTAKAR





Helgihald á páskum

Kópavogskirkja

2. apríl Skírdagur

Kl. 11:00. Fermingarmessa.

Kl. 13:00. Helgistund á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð.

Kl. 20:00. Getsemanestund, altari kirkjunnar afskrýtt.

3. apríl Föstudagurinn langi

Kl. 11:00. Guðspjónusta.

5. apríl Skírdagur

Kl. 08:00. Hátíðarguðspjónusta.

Hátíðartón sr. Bjarna Þorsteinssonar sungið. Morgunverður á eftir á safnaðarheimilinu Borgum, að honum loknum verður ganga á vegum Sögufélags Kópavogs um nágrennið



Kopavogskirkja.is

Sótt tilboð



6.890 kr.



15" pizza af matseðli og 15" margarita eða hvítlauksbrauð



6.990 kr.



2.990 kr.

Fjölskyldutilboð

Stór pizza með 2 áleggstegundum, miðstærð af hvítlauksbrauði, stór skammtur af brauðstöngum og 2L gos.

Stór pizza

Stór pizza með 2 áleggstegundum



5.960 kr.

12" pizza með 2 áleggstegundum, lítill skammtur af brauðstöngum og 2L gos.

6.990 kr.

15" pizza með 2 áleggstegundum, stór skammtur af brauðstöngum og 2L gos.

Hádegistilboð

2.750 kr.



12" pizza með 3 áleggstegundum og 0,5L gos



2.490 kr.

9" pizza með 3 áleggstegundum og 0,5L gos



Pantaðu á netinu
castello.is
eða í síma 577 3333

Þar sem pizzur eru gerðar með fagmennsku og ástríðu
Castello pizzeria | Lágmúla 7 | Dalvegi 2 | Dalshrauni 13



Fjölskyldan saman í sund um páskana

Um páskana er opið sem hér segir:

		Kópavogslaug	Salalaug
Skírdagur	2. apríl	08:00–18:00	Lokað
Föstudagurinn langi	3. apríl	Lokað	10:00–18:00
Laugardagur fyrir páska	4. apríl	08:00–18:00	08:00–18:00
Páskadagur	5. apríl	Lokað	10:00–18:00
Annar í páskum	6. apríl	08:00–18:00	Lokað



Sundlaugar Kópavogs

kopavogur.is